

9. gr.

Í 1. mgr. 26. gr. fellur niður tilvitnunin „sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun“ en í staðinn komi: sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 18/1985, um vinnumiðlun.

10. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I falli niður.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau ásamt lögum nr. 10/1985, lögum nr. 79/1986, lögum nr. 51/1989, V. kafla laga nr. 87/1989 og VI. kafla laga nr. 7/1990 inn í meginmál laga nr. 64/1981 og gefa þau út að nýju svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## LÖG

**um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn fræðsluskrifstofa, starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim tilheyra og sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn stofnana í sameign ríkis og sveitarfélaga, sem sérstakan fjárhag hafa, starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Bandalags háskólamanna svo og starfsmenn aðildarfélaga bandalaganna ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- og líknarfélögum, svo og starfsmenn stjórnmalaflokka sem voru í starfi árið 1971 eða hófu starf síðar enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I.a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 31. maí 1989, um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ólafur Ragnar Grímsson.*